

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 20. mars 1984.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Jón B. Jónasson.

REGLUGERÐ

um náttúruverndarþing.

1. gr.

Náttúruverndarþing kemur saman þriðja hvert ár. Hlutverk þess er að fjalla um náttúruvernd landsins og gera tillögur um röðun þeirra verkefna, sem það telur brýnast að leysa í náttúruverndarefnum.

2. gr.

Á náttúruverndarþingi eiga sæti:

1. Fulltrúi kjörinn af hverri náttúruverndarnefnd.
2. Einn fulltrúi fyrir hvert af eftirfarandi samtökum: Samband dýraverndunarfélaga Íslands, Ferðamálaráð, Fuglaverndarfélag Íslands, Félag íslenskra náttúrufræðinga, Hið íslenska náttúrufræðifélag, Landvernd, Bandalag íslenskra skáta, Skógræktarfélag Íslands, Verkfræðingafélag Íslands, Stéttarsamband bænda, Ungmennafélag Íslands, Kvenfélagasamband Íslands, Æskulýðssamband Íslands, Bandalag íslenskra farfugla, Ferðafélag Íslands, Samband íslenskra sveitarfélaga, Alpýðusamband Íslands, Vinnuveitendasamband Íslands, Búnaðarfélag Íslands, Arkitektafélag Íslands, náttúruverndarsamtök, er hlotið hafa viðurkenningu Náttúruverndarráðs: Samtök um náttúruvernd á Norðurlandi, Náttúruverndarsamtök Austurlands, Náttúruverndarsamtök Suðurlands, Náttúruverndarfélag Suðvesturlands, Náttúruverndarsamtök Vesturlands, Vestfirsk náttúruverndarsamtök, Félag íslenskra landslagsarkitekta, Landssamtökin Líf og land, Skotveiðifélag Íslands, Æðarræktarfélag Íslands, Landssamtök ferðamannabænda, Landssamband veiðifélaga, Landssamband stangaveiðifélaga, Félag leiðsögumanna, Landfræðifélagið, Landvarðafélag Íslands, Landssamband hestamanna og Líffræðifélag Íslands.
3. Þrír fulltrúar fyrir Náttúrufræðistofnun Íslands, sérfróðir um jarðfræði, grasafræði og dýrafræði. Tveir fulltrúar fyrir verkfræði- og raunvísindadeild Háskóla Íslands (einn frá líffræðiskor og annar frá jarðfræðiskor). Einn fulltrúi frá Félagi náttúrufræðinema við Háskóla Íslands.
4. Einn fulltrúi fyrir hvern þingflokk á Alþingi.
5. Náttúruverndarráð, aðalmenn og varamenn.
6. Eftirtaldir embættismenn: Búnaðarmálastjóri, flugmálastjóri, framkvæmdastjóri rannsóknaráðs, landgræðslustjóri, landlæknir, formaður eiturefnanefndar, siglingamálastjóri, yfirdýralæknir, framkvæmdastjóri Rannsóknastofnunar landbúnaðarins,

framkvæmdastjóri Hafrannsóknastofnunarinnar, fulltrúi frá Háskóla Íslands, orku-málastjóri, skipulagsstjóri, skógræktarstjóri, vegamálastjóri, veiðimálastjóri, þjóð-minjavörður, fulltrúi frá mennamálaráðuneytinu, forstöðumaður Heilbrigðiseftirlits ríkisins, framkvæmdastjóri Náttúruverndarráðs, vita- og hafnarmálastjóri, forstöðu-maður Vinnueftirlits ríkisins og Rafmagnseftirlitsstjóri ríkisins.

3. gr.

Náttúruverndarráð boðar þingið, undirbýr dagskrá þess og leggur fyrir það skýrslu um störf sín. Formaður ráðsins setur þingið og stýrir því, uns það hefur kosið forseta. Þingið setur sér þingsköp.

Seta á náttúruverndarþingi er ólaunuð, en hlutaðeigandi aðilar greiða kostnað fulltrúa. Annar nauðsynlegur kostnaður af þinghaldinu greiðist úr ríkissjóði samkvæmt úrskurði ráðherra.

4. gr.

Náttúruverndarráð er skipað sjö mönnum. Sex þeirra kys náttúruverndarþing óbund-inni kosningu, að undanskildum fulltrúum í 6. lið 2. gr. Hinn sjöunda skipar menntamálaráðherra, áður en kosning fer fram, og er hann formaður ráðsins. Varamenn skulu valdir jafnmargir á sama hátt til sama tíma.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 4. gr. laga nr. 47/1971 um náttúruvernd og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 154/1981 um náttúruverndarþing.

Menntamálaráðuneytið, 14. mars 1984.

F. h. r.

Knútur Hallsson.

Runólfur Þórarinnsson.

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Húsavíkur.

I. KAFLI

1. gr.

Hitaveita Húsavíkur selur afnot hitaorku úr hitakerfum þeim, sem gerð hafa verið eða verða gerð í Húsavík og Reykjahreppi eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari, sbr. og reglugerð staðfesta 25. maí 1970 um hitaveitu og hitalagnir í Húsavík.

2. gr.

Hitaveita Húsavíkur lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til hitunar á húsinu, enda séu ofnar hússins nægilega stórir að dómi hitaveitustjóra.

Hitaveitan lætur setja stillanlegan hemil fyrir hámarksrennsli til hvers upphitunarkerfis og miðast gjald hitaveitunnar fyrir selda orku við það hámark, sem hemillinn er stilltur á.

Hitaveitan lætur húseigendum í té aukahemil, ef þess er óskað.